

Skipulagsstofnun  
Birna Björk Árnadóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. apríl 2012  
Tilvísun: UST20120300179/bs

### Breiðadalsvirkjun, 500 kW, í landi Veðrár 2, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða stækkun virkjunar í landi Veðrár 2 með auknu virkjuðu vatnsmagni. Vatni verður veitt úr Langá og Heiðarvatnslæk að inntaksþró sunnan Heiðarvatnslækjar. Vatn úr Langá verður að hluta veitt í opnum skurði um 260 m leið. Slóð verður lögð meðfram skurðinum. Neðan Heiðarvatnslækjar verður lögnin grafin í aflagðan þjóðveg.

Umrædd framkvæmd er á svæði sem ber merki mannvirkjagerðar sem þarna hefur farið fram undanfarna áratugi. Sem dæmi mætti nefna þrjá þjóðvegi og tvær rafmagnslínur.


Til að unnt sé að veita umsögn um framkvæmdir af því tagi sem hér um ræðir verða að liggja fyrir nægjanlega ítarleg gögn um fyrirhugaða framkvæmd og náttúrufar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Því telur Umhverfisstofnun brýnt að Skipulagsstofnun gæti þess að þau gögn sem send eru umsagnaraðilum teljist í samræmi við 10 gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005, þannig að unnt sé að taka upplýsta ákvörðum þeirra gagna sem berast frá Skipulagsstofnun. Í því tilviki sem hér um ræðir eru gögn um náttúrufar frekar fátækleg að mati Umhverfisstofnunar. Þó taldi stofnun unnt að veita umsögn um framkvæmdina að öðru leyti en því að óskað var frekari upplýsinga um gróðurfar.

Frekari upplýsingar um gróðurfar bárust frá Náttúrustofu Vestfjarða (Nave) með bréfi dags.

28. mars sl. Í niðurlagi bréfs Nave segir: *Gróðurskoðun hefur ekki farið fram en til stendur að skoða svæðið þegar snjóá leysir og verður þá athugað hvort einhverjar friðlýstar plöntur eða plöntur á valista finnast, ásamt því að kanna hvort gróðurlendi sem njóta friðunar finnast á framkvæmdarsvæðinu. Í framhaldi verður gert viðbótarminnisblað, ef þörf er á.*

**Umsögn.** Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir og landslag m.a. vegna ummerkja um ýmsar framkvæmdir í næsta nágrenni virkjunarinnar. Nokkur óvissa ríkir þó um gróðurfar eins og bréf Nave ber með sér. Þó skal bent á að umrædd framkvæmd er umfangslítill. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða og með óvissu um gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði telur Umhverfisstofnun þó ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson